



Reykjavík, 16. apríl 2018
VEL2018020004
329. fundur
RÁ/pk

Lagt fyrir fund velferðarráðs 18. apríl 2018

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Tillaga sviðsstjóra um breytingu á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að breytingum á nokkrum ákvæðum reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg sem miða að því að:

- 1) Lengja gildistíma samþykktra umsókna úr tveimur í þrjá mánuði;
- 2) Fella niður skilyrði um að samkomulag um félagslega ráðgjöf verði að liggja fyrir þegar sótt er um styrk vegna tómstunda barna;
- 3) Fella niður skilyrði um að skila þurfi umsókn um námsstyrk 2 mánuðum áður en nám hefst.

Breytingunum er ítarlega lýst í fylgiskjali með tillögu þessari.

Greinargerð

Þann 21. september 2017 var samþykkt á fundi velferðarráðs að rafvæða allar umsóknir á velferðarsviði. Í kjölfarið hófst stefnumótunarvinna á ferli fjárhagsaðstoðar þar sem umsóknarferlið var greint út frá upplifun notenda og starfsfólks. Á fjölmennum stefnumótunarfundi um fjárhagsaðstoð sem haldinn var í febrúar síðastliðinn með starfsfólki velferðarsviðs, fulltrúum notenda, hagsmunasamtaka og samstarfsaðila voru lögð drög að starfinu framundan. Nauðsynlegt var talið að fara í gagngera endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð en jafnframt var bent á atriði í reglunum og verklagsreglum sem einfalt væri að breyta til að ná strax fram hagræðingu og tímasparnaði, jafnt fyrir notendur sem og starfsfólk.

Þær breytingar sem lagðar eru til hér lúta að lengingu gildistíma samþykktra umsókna úr tveimur í þrjá mánuði þannig að notendur hafi rýmri tíma til að nýta þá þjónustu sem er í boði en dæmi eru um að umsóknir hafi t.d. verið fallnar úr gildi þegar notendur hafa komist að hjá sérfræðingum. Þá er lagt til að skilyrði um gerð samkomulags um félagslega ráðgjöf verði fellt niður í 16. gr. b, sem kveður á um aðstoð til foreldra vegna barna s.s. vegna daggæslu eða tómstundastarfs. Er þannig komið til móts við notendur

fjárhagsaðstoðar sem leita einu sinni eftir aðstoð vegna barns/barna sinna. Loks er lagt til að 2. mgr. 18. gr. verði felld úr gildi en þar er þess krafist að umsókn um námsstyrk liggi fyrir tveimur mánuðum áður en nám hefst. Er það notendum til hagsbóta.

Breytingarnar eru til þess fallnar að flýta ákvarðanatöku um fjárhagsaðstoð til notenda. Samhliða þessum breytingum verða gerðar breytingar á leiðbeiningum og verkagi um fjárhagsaðstoð þar sem áhersla verður á aukið umboð sérfræðinga til ákvarðanatöku varðandi umsóknir þar sem skýr réttur er til staðar. Slíkar breytingar munu m.a. stytta biðtíma eftir þjónustunni. Verkefnateymi, sem skipað hefur verið, m.a. til að vinna við heildarendurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð, mun fylgja þessum breytingum eftir.

Fylgiskjöl:

1. Yfirlit yfir breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð
2. Erindisbréf verkefnateymis vegna umbóta á fjárhagsaðstoð, dags. 10. apríl 2018